

Tvær hagræðingartillögur frá flugfélaginu Play

Íslenska lággjaldaflugfélagið Play fagnar því framtaki stjórnvalda að kalla eftir tillögum til hagræðingar í ríkisrekstri enda brýnt mál. Play leggur til tvær tillögur sem einfalt er að hrinda í framkvæmd þegar í stað og sparar ríkinu að minnsta kosti tugi milljóna á ári.

Tillögurnar eru eftirfarandi:

- 1) Að ríkisstofnanir kaupi alltaf ódýrasta flugmiðann fyrir starfsmenn sem ferðast til og frá Íslandi vegna vinnu.
- 2) Að fjárhagslegur ávinningur af vildarpunktafríðindum vegna slíkra ferðalaga renni til ríkisins, hins eiginlega kaupanda flugmiðanna.

Eins og kunnugt er býður Icelandair viðskiptavinum sínum upp á að safna vildarpunktum þegar ferðir eru bókaðar með flugfélaginu. Play býður ekki upp á sömu þjónustu en býður hagstæðari verð fyrir sömu þjónustu. Þegar ríkið kaupir flug fyrir opinbera starfsmenn með Icelandair fá starfsmennirnir persónulega vildarpunkta til einkanota. Þannig hafa opinberir starfsmenn mikla hagsmuni af því að ferðin sé frekar bókuð með Icelandair en Play. Þá má hins vegar fullyrða að flug með PLAY sé í langflestum tilvikum ódýrara en Icelandair. Margar aðrar ástæður geta legið að baki því að velja eitt flugfélag umfram önnur, t.d. brottfarartími, en persónuleg söfnun starfsmanna á vildarpunktum er óeðlilegur hvati og leiðir til þess að ríkið greiðir mun hærri upphæð fyrir flugferðir opinberra starfsmanna en þörf krefur.

Skýrt dæmi um að ríkisstarfsmenn velji dýrari kostinn eru flugferðir Alþingismanna árið 2023.

Samkvæmt frétt Morgunblaðsins keypti Alþingi flugmiða af Icelandair fyrir 20,9 milljónir króna það árið en einungis fyrir 500 þúsund krónur af Play. Er munurinn ríflega fjörutíufaldur. Ekki er hægt að rökstyðja að verð, áfangastaðir eða flugtími Play réttlæti slíkan mun. Play flýgur til þeirra borga í Evrópu sem Alþingismenn ferðast mest til. Brottfarartímar Play til Evrópu eru að jafnaði um klukkustund fyrr á morgnanna sem ætti alls ekki að réttlæta dýrara val á flugsæti, sérstaklega ekki þegar farið er með fé skattborgara. Farmiðakaup Alþingismanna eru aðeins brot af heildarinnkaupum ríkisins á flugmiðum.

Play telur ríkið geta sparað að minnsta kosti tugi milljóna á ári með því að hætta að greiða einkaáskrift opinberra starfsmanna að óþarflega dýru vildarkerfi.